

Fundur 466

Föstudaginn 16. nóvember 2018 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar að Ártorgi 1, Sauðárkróki. Þessir fundarmenn sátu fundinn; Illugi Gunnarsson (IG) stjórnarformaður, Karl Björnsson (KB), Gunnar Þór Sigurbjörnsson (GPS), Gunnar Þorgeirsson (GP), María Hjálmarsdóttir (MaH) og Þórey Edda Elísdóttir (ÞEE) (varamaður). Auk þeirra sátu fundinn Aðalsteinn Þorsteinsson (AÞ) forstjóri, Arnar Már Elíasson (AME) forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Sigurður Árnason (SÁ) sérfræðingur á þróunarsviðs (við dagskrárlið 5), Snorri Björn Sigurðsson (SBS) forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Einar E. Einarsson og Sigríður Jóhannesdóttir boðuðu forföll.

Formaður setti fund kl. 10:30 og lagði fram eftirfarandi dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu
2. Fundargerðir lánanefndar - til afgreiðslu
3. Framfylgd starfs- og rekstraráætlunar - til kynningar
4. Starfs- og rekstraráætlun 2019 - drög til fyrri umræðu
5. Aflamark Byggðastofnunar - staða verkefnisins - til kynningar
6. Gerð þjónustukorts - til kynningar
7. Önnur mál
8. Næsti fundur

Fyrir fundinn höfðu öll þau gögn sem vísað er til í fundargerðinni verið sett inn í fundargátt Byggðastofnunar nema annað sé tekið fram.

1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum lá fundargerð síðasta fundar nr. 465. Formaður bar upp fundargerðina og var hún samþykkt samhljóða og síðan dreift til undirritunar.

2. Fundargerðir lánanefndar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum lágu fundargerðir lánanefndar nr. 35/18, 36/18, 37/18 og 38/18 og fór AME yfir þær og kynnti.

...

3. Framfylgd starfs- og rekstraráætlunar - til kynningar

Fyrir fundinum lá framfylgd starfsáætlunar og staða rekstrar 31. október 2018.

AÞ kynnti og sagði m.a. frá kynningu starfsmanna á verkefninu Brothættar byggðir með þingflokki í vikunni og þeirri næstu. Sagði hann einnig frá heimsókn starfsmanna í Árneshrepp og á Þingeyri.

Allir stjórnarmenn tóku þátt í umræðum.

4. Starfs- og rekstraráætlun 2019 - drög til fyrri umræðu

Fyrir fundinum lágu drög að starfs- og rekstraráætlun 2019 til fyrri umræðu. Gert er ráð fyrir að áætlunin verði lögð fram til samþykktar á næsta fundi stjórnar. AÞ kynnti áætlunina og óskaði eftir tillögum og ábendingum frá stjórnarmönnum.

KB ræddi um loftslagsmál, að öflug byggðastefna og búseta sé gott framlag til minnkunar kolefnisspors og að rétt væri að skoða heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun í tengslum við gerð starfsáætlunar.

Rætt var um nýjan lánaflokk í umhverfismálum. SBS sagði frá verkefni sem er í vinnslu með Hagstofu Íslands um skilgreiningu hagsýslusvæða.

Formaður frestaði fundi kl. 12:00 og setti fund aftur kl. 12:30

5. Aflamark Byggðastofnunar - staða verkefnisins - til kynningar

SÁ kom á fundinn og fór yfir minnisblað sem lá fyrir fundinum um Aflamark Byggðastofnunar fiskveiðiárið 2017-18.

Meginniðurstaðan var að samningar hafi gengið eftir á fiskveiðiarinu 2017/2018. Ljóst má vera samkvæmt framangreindu að samningar um Aflamark Byggðastofnunar skipta verulegu máli í atvinnulífi fámennra sjávarbyggða og ólíklegt að vinnslur væru starfandi á öllum þeim tíu stöðum sem samningar eru ef ekki væri fyrir þessa meðgjöf en samningarnir höfðu áhrif á störf ríflega 400 manns.

Til máls tóku KB, IG, GP og AP

SÁ vék af fundi.

6. Gerð þjónustukorts - til kynningar

SBS kynnti stöðuna á gerð þjónustukorts og kynnti verkáætlun sem lá fyrir fundinum.

Í umræðum tóku allir stjórnarmenn.

7. Önnur mál

Hólmavík

IG spurðist fyrir um stöðu Hólmadrangs. AP upplýsti um að félagið hefði fengið greiðslustöðvun framlengda. Starfsmenn fyrirtækjasviðs fylgjast með gangi mála.

Skóflustunga Sauðármýri 2

AP sagði frá dagskrá skóflustungunnar. IG rifjaði upp forsögu byggingarinnar.

Stuðningur við loðdýrabændur

IG upplýsti að ekki væri komin niðurstaða í málið. Á næsta stjórnarfundum þarf að taka ákvörðun. KB sagði frá fundi sínum með umhverfisráðherra.

8. Næsti fundur

Næsti fundur verður 7. desember 2018 á Sauðárkróki.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:46

Magnús Helgason, fundarritari
